

BORGARRÁÐ 20. júní 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styttingu vinnuvikunnar í heimaþjónustu - R14050127

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að vinnuvika þeirra sem sinna félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun verði stytt. Vaktir verði styttri og færri vinnuklukkustundir fyrir sömu laun. Rökin fyrir því að þessir hópar væru teknir út sérstaklega og það sem fyrst væri einfaldlega sá að það er nánast útilokað að manna þessi störf á þessum launum. Nú þarf að skerða þjónustuna og mögulega setur það þjónustubega í einhverja áhættu. Hér er vissulega um kjarasamningsmál að ræða en borgaryfirvöld geta engu að síður beitt sér af krafti í þessa átt og tekið af skarið t.d. með því að byrja á þessum hópi sem hér er nefndur. Fleiri geta síðan komið í kjölfarið. Það myndi strax muna um að stytta vinnuskylduna um 2-3 tíma án þess að skerða launin. Finna mætti einnig fleiri hvata til að manna þessar stöður t.d. sem lúta að því að létta á álagi eða breyta vaktafyrirkomulagi.

Greinargerð

Nú er enn eitt sumarið þar sem skera þarf niður þjónustu af þessu tagi og aðeins er hægt að sinna þeim allra veikustu. Samkvæmt niðurstöðum skýrslu um 2. áfanga tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hefur stytting vinnuvikunnar jákvæð áhrif á fjölmargt. Að stytta vinnuviku þeirra sem sinna félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun gæti leitt til þess að fleiri sýni þessum mikilvægu en krefjandi störfum áhuga. Þessi störf er afar illa launuð, sennilega ein lægstu laun sem boðið er upp á sem er helsta ástæðan þess að ekki tekst að manna þessa stöður betur en raun ber vitni. Eitthvað fleira og annað þarf því að koma til og „stytting vinnuvikunnar“ er hvatningarþáttur sem vel mæti nýta í þessum tilgangi. Borgarfulltrúi vill rifja upp að fyrir ári, á þeim degi sem meirihlutinn kynnti sáttmála sinn gaf borgarstjóri loforð um að taka ætti á biðlistum í heimaþjónustu og hjúkrun. Nú er liðið ár og en þarf að skerða þjónustu í sumar því ekki hefur tekist að manna stöður þrátt fyrir ítarlega leit að fólki. Það segir sig sjálf að það tekst ekki að manna störfin á meðan launin eru svo lág að ekki möguleiki er að lifa á þeim. Það verður að koma til einhver frekari hvatning ef hægt á að vera að manna þessi mikilvægu krefjandi störf. Stytting vinnuvikunnar gæti verið sá hvati meðal annarra. Þann 1. apríl 2019 voru alls 67 einstaklingar á biðlista eftir félagslegri heimaþjónustu. Af þeim voru 43 eldri en 67. Alls 80 einstaklingar bíða auk þess eftir frekari þjónustu. Af þeim eru 78 eldri en 67. Þetta er stór hópur og margir búnir að bíða lengi. Á biðlista eftir varanlegri vistun bíðu í apríl 158 einstaklingar. Margir bíða á Landspítalanum vegna þess að ekki er hægt að útvega þeim félagslega heimaþjónustu. Þetta er gríðarlega kostnaðarsamt að ótöldu álagi sem lagt er á fólkið sjálf og aðstandendur þeirra. Að stytta vinnuvikuna fyrir þennan hóp sérstaklega er eitthvað sem borgarmeirihlutinn getur vel hrint í framkvæmt eða stuðlað að.